

Alþingi  
Erindi nr. P 13S/2649  
komudagur 13S.2008

Alþingi  
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

5. maí 2008

**Efni: Breyting laga nr. 66/1998.**

Á fundi Dýraverndarráðs þann 17. apríl 2008, var samþykkt eftirfarandi bókun:

*Dýraverndarráð lýsir yfir áhyggjum vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998. Það er álit ráðsins að þjónusta dýralækna við dýraeigendur verði ótryggari vegna óvissu um þjónustu og að ekki verði skipulagðar vaktir á stórum svæðum landsins. Ráðið telur það skildu samfélagsins að tryggja dýrum aðgang að dýralækniþjónustu hvar og hvenær sem er á landinu þannig að hægt sé að lina þjáningar þeirra innan ásættanlegs tíma. Koma verður í veg fyrir að dýr þjáist af efnahagslegum ástæðum og/eða aflifun þeirra verði eini raunhæfi kosturinn. Dýraverndarráð skorar á Alþingi að tryggja velferð dýra við endurskoðun laga sem snerta dýr.*

Virðingarfyllst



f.h. Dýraverndarráð  
Sigurborg Daðadóttir, formaður